


AFSTÖÐUMYND
1 : 500

## BYGGINGALÝSING

**Lýsing eignarinnar:**
Á jörðinni Langholtskoti í Hrunamannahreppi er gömul vélaskemma byggð árið 1973 uþb 200 m2 að nettó grunnfleti. Skemman er stálgrindarhús reist á steyptum sökklum og með steyptri botnplötu, einangruð og klædd með bárujárni á veggjum sem þaki. Litur á veggjum er ljós en á þaki er litur rauður.
Einn milliveggur er í skemmunni miðri sem er úr sléttum steinullaryleiningum. Hann er EI-60 veggur. Í honum miðjum er stór 3ja metra há og breið rennihurð úr 70 mm sléttum steinullaryleiningum og stálramma í kring.
Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar með opnanlegum fögum að hluta. Dyr eru hefðbundnar timburhurðir.
Þak skemmu er byggt upp úr 125 mm timburlangböndum c/c 700 mm sem liggja á milli stálbita sem eru c/c 3300 mm. Þak er einangrað með steinull og klætt með bárujárni.
Þak viðbygginga er úr stáli.
Útveggir eru með sömu uppbyggingu og þak. Engar þakrennur eða þakniðurföll eru á skemmunni og þak og veggir tengjast saman í boga, sjá útlit og snið.
Gólf í skemmu er steinsteypt.
Gólf í viðbyggingum er úr stáli.
Allar klæðningar eru í flokki 1.
Bæði, inntök heitavatns, kaldavatns og rafveitu eru við suðurhorn skemmunnar uþb 1,3 metra frá horni.
Upphitun er í gólfi.
Inntök fyrir hita, vatn og rafmagn er við suðaustur horn aðalbyggingarinnar uþb 3,0 m frá horni.
Loftræsing er náttúruleg um opnanleg fög og þaklúgu. Túða verður á stálgeymslu.

**Helstu stærðir:**
Heildarflatarmál brúttó: 243,8 m2
Heildarflatarmál nettó: 236,6 m2
Heildarrúmmál brúttó: 830 m3
Stærð jarðar er: 74 ha ræktað land
Nýtingarhlutfall: 3,29 ef reiknað er út frá ræktuðu landi á jörðinni.
Bílastæði eru á hlaði við skemmu fyrir uþb 4 farartæki.

**Breytingar:**
Helming núverandi skemmu mun Hreppaorka nýta en hinn helmingurinn er eins og áður hefur komið fram, vélaskemma sem tilheyrir daglegri starfsemi býlisins.
Byggt er við skemmuna við norðurgafl þar sem 40 feta gámur er tengdur skemmunni. Þar á milli er eldvarnarhurð en inni í gámnum mun fara fram framleiðsla á bíódísel í 5 stórum tönkum sem tengdir eru stjórnbúnaði inn í skemmunni sem breytist í lagerrými og iðnaðarhúsnæði tengt starfseminni.
Út úr gámnum á norður(lang)hlið er hurð út í læst port sem verður þar bak við. Í portinu sem er afmarkað á alla kanta mun verða geymsla fyrir Metanól í þar til gerðu loftræstu rými úr gegnheilu þykku stáli.
Hlið inn í portið verður úr stáli og læst þ.a. óviðkomandi komist ekki þar inn.
Á suður(lang)hlið skemmunnar verður byggt við núverandi skemmu rými fyrir skrifstofu, salerni og anddyri, úr 20 feta gámi.
Frá byggingunni verður fráveita sem rennur niður í fituskilju og rotþró norðvestan við skemmuna í uþb 15 metra fjarlægð.
Við bygginguna verður komið fyrir sorpílátum.

**Brunavarnir:**
Flóttaleiðir eru til beggja átta úr lager- og framleiðslurýmum og eru þær merktar á teikningu.
Á milli lagerrýmis og vélaskemmu er EI-60 veggur. Hurð á milli framleiðslurýmis og lagerrýmis er EI-CS30 hurð.
ÚT-ljós eru líka neyðarlýsingar.

SAMÞYKKT
22 APR. 2013
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

Upprunalegur hönnuður: -

| Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|---|
| 1 | GEFIÐ ÚT FYRIR GRÆNA HREPPAORKU | 12.03.2013 | ÞH | GM |

GRÆN HREPPAORKA ehf
VERKKAUPI / EIGANDI

**IÐNAÐARHÚSNÆÐI**
TEGUND VERKS

LANGHOLTSKOT, HRUNAMANNAHREPPI
GATA/STAÐSETNING

**AÐALUPPDRÁTTUR**
AFSTÖÐUMYND

| | |
|---|---|
| LANDNÚMER: | 166796 |
| STAÐGR.: | 8710-2-00056000 |
| MHL: | 13 |
| MKV.: | 1:500 |
| BLAÐSTÆRÐ: | A2 |
| ÚTGÁFA DAGS: | 12.03.2013 |
| TEIKNAÐ: | ÞH |
| YFIRFARIÐ: | GM |

**1302** – **301** – **1**
VERKNR. RAÐNR. ÚTGÁFA


**Guðbjartur magnússon BFÍ**
kt: 250377-3209

**Þórdís Halldórsdóttir BFÍ**
kt: 240577-3569

gudbjartur.magnusson@gmail.com | gsm: 660 9933 | thordish@gmail.is | gsm: 862 5889



ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA


Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna hönnuðum strax.